

- 35 Staðfesting ráðuneytis Íslands, handhafa konungsvalds, á skipulagsskrá fyrir
12. marz „Barnaskólasjóð Ágústss Pórarinssonar og Ásgerðar Arnfinnsdóttur“, útgefin á venju-
legan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 12. marz 1941.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Barnaskólasjóð Ágústss Pórarinssonar og Ásgerðar Arnfinnsdóttur.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður 6. september 1940, á gullbrúðkaupsdegi Ágústss Pórarinssonar, kaupmanns í Stykkishólmi, og frú Ásgerðar Arnfinnsdóttur, með gjöfum frá Stykkishólmsbúum. Stofnfé sjóðsins er 1020 krónur.

2. gr.

Sjóðinn skal ávaxta í Sparisjóði Stykkishólms og leggja jafnan við hann $\frac{1}{4}$ hluta ársvaxta, en höfuðstólinn má aldrei skerða.

3. gr.

Þremur fjórðu hlutum ársvaxtanna skal verja til þess að viðhalda bókasafni því, er gullbrúðhjónin ánöfnuðu barnaskóla Stykkishólms eftir sinn dag, svo og til þess að auka það.

Framkvæmdir allar hér að lútandi hefur skólanefnd Stykkishólms á hendi.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn að upphæð 5000 krónur, má verja $\frac{1}{3}$ hluta þeirra vaxta, er til útborgunar koma, til verðlauna námfúsnum og siðprúðum nemendum, að dómi kennara skólans og skólanefndar, þó aldrei fleirum en 2 á ári. Skólanefnd úthlutar.

5. gr.

Leita skal staðfestingar konungs á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

36

REGLUGERÐ

20. marz

um breyting á reglugerð um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum frá 28. des. 1940.

Með tilliti til breyttra kringumstæðna, er hér með sett eftirfarandi reglugerð samkvæmt bráðabirgðalögum um fjarSKIPTI frá 5. júlí 1940.

1. gr.

Fyrsta málsgrein 1. gr. reglugerðar um notkun loftskeytastöðva og talstöðva í íslenskum skipum frá 28. des. 1940, hljóði svo:

Í siglingum milli Íslands og Stóra-Bretlands eða samveldislanda þess mega íslensk skip fyrst um sinn því aðeins hafa meðferðis loftskeytastöð eða talstöð, að stöðin sé þannig innsiglið af póst- og símamálastjórninni, að ekki sé unnt að nota

senditækin án þess að brjóta innsiglið (lokunarinnsigliun), en það má ekki gera 36
nema í neyð eða samkvæmt reglum, sem pósti- og símamálastjórnin setur. Pósti- og 20. marz
símamálastjórnin getur veitt einstökum farþega- og flutningaskipum og eftirlits-
og björgunarskipum undanþágu frá innsigliun.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð frá 10.
jan. 1941, um breyting á reglugerð um notkun loftskiptastöðva og talstöðva í ís-
lenzkum skipum, dags. 28. des. 1940.

Atvinnu- og samgöngumálaráðherrann, 20. marz 1941.

Ólafur Thors.

Guðmundur Hlíðdal.

SÉRREGLUR

37

20. marz

um notkun talstöðva í skipum, sem sigla milli Íslands og Stóra-Bretlands.

Þeim íslenskum skipum, sem hafa talstöðvar, er fyrst um sinn — til aukins
öryggis — heimilað að nota þær í siglingum milli Íslands og Stóra-Bretlands, svo
sem hér segir:

1. Til allra nauðsynlegustu og stutturðustu samtala við þau önnur skip, sem þau
sigla samflota við, til þess að geta haldið saman og vitað hvert af öðru. Þetta
er þó nauðsynlegt að takmarka til hins ýtrasta.
2. Til þess að tilkynna öðrum skipum á sömu leið hættur, sem þau kunna að
verða vör, svo sem tundurdufl, skipsflök o. s. frv.
3. Til þess að svara neyðarkalli annarra skipa, ef ástæða er til að ætla, að það
megi verða til þess að hjarga eða hjálpa.

Í öllum framangreindum tilfellum skal geta þess í dagbók skipsins, að talstöðin
hafi verið tekin til notkunar. Geta skal um stað og stund og við hvaða skip talað
er, og helst tilfæra orðin, sem töluð eru. Sé um neyðarkall að ræða, skal í dagbók-
inni auk þessa tilgreina nákvæmlega öll atvik þar að lútandi.

Skipin eru áminnt um að gæta fyllstu varúðar um þessa notkun talstöðvanna
og takmarka hana eingöngu við allra brýnustu nauðsyn.

Að öðru leyti ber að fara eftir reglum um viðskipti talstöðva og loftskipta-
stöðva í íslenskum skipum, útgefnum af pósti- og símamálastjórninni 28. des. 1940.

Pósti- og símamálastjórnin, 20. marz 1941.

Guðmundur Hlíðdal.

Friðbj. Aðalsteinsson.